

Berlingur fagnaði því að fá að kynnast verkum Ásgerðar Búadóttur, þegar gagnrýnandi blaðsins, Gunnar Jespersen hrósaði teppum hennar á sýningu Koloristanna í salnum Den Fire í Kaupmannahöfn 4.—19. janúar sl. Hann sagði að hún hefði stórkostleg tök á aðallitum sínum, bláu og brúnu, og léki á einfaldan og sterkan hátt með flöt teppisins, þungar og áhrifamiklar fellingar þess og hinar lausu, flögrandi borða. Önnur blöð tóku í sama streng, Politiken kallaði t.d. verkin frábær og Ekstrablaðið sagði að Ásgerður hefði lagt til „glímrandi listaverk“.

Koloristerne eru, sem kunnugt er, gömul og mjög vel metin sýningarsamtök í Danmörku, sem árlega efna til sýninga í Den Frie. Í þetta sinn buðu þau þremur gestum, 2 dönskum myndhöggvurum og Ásgerði Búadóttur frá Íslandi. Henni barst formlegt boð um þetta fyrir tveimur árum, eftir að hún hafði sýnt í Stokkhólmi 1971. Nanna Hertoft, hinn kunnidanski listvefari, segir um Ásgerði í sýningarskrá, að teppin hennar uppfylli hæstu kröfur í formi, teikningu, uppbyggingu og tækni. Hér heima eru teppi Ás-



Ásgerður Búadóttir á sýningu Koloristanna í Kaupmannahöfn. Hún situr fyrir framan tvö af teppum sínum á sýningunni.

Nú sitja listamennirnir sjálfir við vefstólana

gerðar orðin kunn. Þau má sjá í nokkrum opinberum stöðum, Norræna húsinu, Landsbankanum og nú síðast hefur Tónlistarskólinn eignast eitt, sem er gjöf frá Þórhildi heitinni Norland. Sjálf hefur Ásgerður ekki mikið verið kynnt og því lagði blaðamaður Mbl leið sína heim til hennar, inn í Voga, einn frostkaldan snjódag.

Heimilið ber þess merki að þar býr listvefnaðarkona og að það er þáttur í lífi fjölskyldunnar. Uppi á lofti er lítið herbergi, þar sem hún teiknar, en við hliðina annað með ull og hespum, þar sem hún rekur í uppistöðu vefsins, og niðri í stofunni stendur stór vefstóll, 150 sm á breidd. Hann er nú tómur, en teppin fimm af dönsku sýningunni á vegg og gólfi. Þau voru að koma heim frá sýningunni.

— Víst er það mikil uppörvun að fá tækifæri til að sýna með svo góðum sýningarsamtökum í Kaupmannahöfn, ekki sízt þar sem þetta var góð sýning. Þá er svo gaman að fá góða dóma. Þeir

sem skrifa listagagnrýni í stórbliðin í Kaupmannahöfn fylgjast vel með því, sem er að gerast í listum. Og ekki aðeins þar, heldur einnig annars staðar í öðrum löndum segir Ásgerður. Þetta var svolítið öðru vísi en venjulega samsýning. Þá reynir óneitanlega meira á, en það er líka gott. Maður sér sig og það, sem maður er að gera, í öðru ljósi. Svo er gott að kynnast kollegum sínum og sjá hvað þeir eru að vinna. Þegar ég sit hér ein við vefstólinn, hugsa ég gjarnan til þeirra og það er eins og sjóndeildarhringurinn verði víðari. Danir eiga góða myndvefara og hafa átt nokkuð lengi.

En hvar erum við sjálf stödd á þessu sviði? Því svarar Ásgerður: — Hér erum við fáar enn sem komið er. Við eigum mikinn og góðan íslenskan menningararf, en höfum ekki átt neinn eiginlegan

listvefnað. Þetta voru söðuláklæði, sessur og rúmabreiður, útskýrir hún. Kirkjur áttu klæði, en þau voru öll saumuð. Allir eru að tala um ofin teppi, en þau hafa bara ekki verið til, svo að vitað sé. Þetta er ofur eðlilegt. Hvar áttum við fyrrum að hengja upp myndvefnað í íslenskum hýbýlum. Bara var ofið það, sem átti að nota, eins og þetta, sem ég nefndi hér áðan.

— Talað er um endurreisn í myndvefnaði, sem er rétt, heldur hún áfram. Þetta er m.a. að þakka nútíma byggingarlist, með sína stóru, hreinu vegg. Það verður að vera forsenda fyrir öllu. Þá er það fyrst núna að við gætum verið samstiga í þessari myndvefnaðarendurreisn. Annað hefur líka komið til, sem hefur gert myndvefnaðinn frjálssari. Nú sitja listamennirnir sjálfir við vefstólana og skapa sín verk þar, margir

hverjir. Þeir skilja þá betur efnið, sem þeir vinna úr. Áður var síður að láta vefa teppin í stórum vefstofum eftir uppdráttum listamanna, eins og t.d. í Frakklandi og er gert enn í dag. Oftast verða þá málverk flutt yfir í vefinn. — Vel á minnst, efnið?

— Nú er allt hugsanlegt efni notað. Ekki bara ullin, heldur gerviefni alls konar, kaðlar, hampur, koparþráður og margt annað. Og nú er vefurinn ekki bara tvívíður flötur, heldur er unnið í þrívídd, sem skúlptúr, hreyfist, umhverfislist og margt annað. Sjálf nota ég ull. Það er tiltækt efni hér og mér finnst það eðlasta efnið. Eg hefi unnið úr því einu til þessa. Kannski á ég eftir að reyna eitthvað annað seinna.

— Nú talar gagnrýnandi Berlings um að þínir litir séu blátt og brúnt. En á sýningum hér hafa þeir frekar verið svart og rauðbrúnt og þú hefur haft hrosshár með. Er þetta að breytast?

— Nei, en ég hefi mikið notað rauðbrúnt og sauðsvart, og blátt og sauðsvart. Eg valdi teppin, sem fóru á sýninguna, með það fyrir

augum að þau ættu að hanga saman, sem þú líka gerðu. Þannig mynduðu þau vissa heild. Eg nota fáa liti, en er farin að lita í ríkara mæli en áður. Maður fer að vinna úr vissum litastiga, og þá er ekki um annað að gera en að lita sjálfur.

— En hvernig vinnurðu þá að einu teppi? Það hlýtur að taka langan tíma?

— Já, ég er lengi að velja því fyrir mér og teikna mikið áður en ég byrja að vefa. Eg verð helst að vita hvað og hvernig ég ætla að vinna teppið. Hitt er svo annað mál, að margt breytist í vefnum hjá mér, þegar ég er byrjuð. Þetta er seinleg og tímafrek vinna. Eg held að ég sé aldrei skemur en tvo mánuði að vefa teppi, oft miklu lengur. Annars fer þetta mikið eftir aðferð og efni, hverslu gróft ívaf ég nota og fleiru þess háttar.

— Vefurðu teppi eftir pöntun og á ákveðinn stað eða skiptir staðurinn ekki máli?

— Jú, hann skiptir máli, en ég hefi aðeins tvisvar sinnum fengið ákveðið vefnaðarverkefni. Í fyrra sinnið fól Hjálmar Ólafsson mér fyrir hönd kaupstaða landsins að vefa teppið í Norræna húsið. Þá fékk ég að velja stað áður en ég byrjaði. Eg hugsaði því og óf það fyrir þennan vísu litla sal. En það gefur augaleið að réttast er að vinna með arkitekt, ef gert er ráð fyrir slíku. Hitt vilja oft verða vandræði, ef myndverki er komið fyrir, þar sem því var ekki hugsaður staður.

Ásgerður var lengi við myndlistarnám hér heima og í Kaupmannahöfn. og gaf sig ekki mikið að vefnaði fyrst eftir heimkomuna. Við spyrjum hana hvort nauðsynlegt sé að kaupa stóran vefstól og hafa rúm fyrir hann, þó fólk vilji byrja að reyna að vefa

— Nei, svarar hún. Margir nota veframma. Það er hægt að notast við einföldustu áhöld til að vefa. Og þá vaknar önnur spurning: Er það bara konur, sem hafa áhuga á vefnaði?

— Nei, sem betur fer. Ennþá virðist þó vefnaður vekja meiri áhuga hjá konum, a.m.k. hér á Íslandi. Þetta er kannski eðlilegt. Þetta efni hefur konan haft á milli handanna frá alda öðli. En í Austur-Evrópulöndunum fást karlmenn jafnt við myndvefnað sem konur. Þetta er allt að breytast. Hjá Koloristerne, sem upphaflega voru samtök málara, myndhöggvara og grafíkmanna, eru t.d. nú komnir í hópin tveir myndvefara. Það er þó í áttina.

Þarna í stofu Ásgerðar stendur vefstóllinn tómur, enda hefur hún haft ærið verkefni að undanförmu, að halda með verk sín á sýningu til Kaupmannahafnar. En hvað tekur nú við?

— Að lita, svarar hún að bragði. Það er fyrsta skrefið í áttina að vefstólunum. — E.Þ.

8 veiðileyfi
Veiðistangir

Hjólbarðar

Matvara í stórum
stíl o.m.fl.

**SPILAÐAR
25
UMFERÐIR**

Húsið opnað kl. 7.
Lokað 8.30.

3 UTANLANDSFERÐIR
TIL SÓLARLANDA

RISA-BINGÓ
ÁRSINS
í Sigtúni í kvöld kl. 8.30

VERÐMÆTI VINNINGA

600 ÞÚSUND

2 málverk
Húsgögn

Rafmagns-
heimilistæki

15
happdrættis-
vinningar

Sjálfstæðisfélagin
Austurbæ, Norðurmýri,
Hlíða og Holtahverfi.